

Fjárhagsáætlun 2025-2028, seinni umræða - greinargerð.

Lögð er fram til seinni umræðu tillaga að fjárhagsáætlun Eyja- og Miklaholtshrepps fyrir árið 2025 og þriggja ára áætlun árunna 2026-2028 með áorðnum breytingum frá umræðu í fyrri umræðu. Frá og með árinu 2025 eru engar B hluta stofnanir þar sem Gagnaveitan var seld á árinu 2024.

Helstu niðurstöður áætlunar ársins 2025 eru:

Tekjur A hluta eru 355,7 millj.kr.

Rekstrargjöld A hluta án fjármagnsliða 227,0 millj.kr.

Rekstrarniðurstaða er jákvæð um 129,9 millj. kr.

Á árinu 2025 er ráðgert að selja fasteignir í Laugargerðisskóla upp á 220 millj. kr. Verði af sölu eignanna er ráðgert að úthluta 40 millj. kr. til endurbóta á félagsheimilinu Breiðabliki og 40 millj. kr. verður úthlutað í orkustyrki til íbúa. Fyrirkomulag á úthlutun styrkja verður ákveðið þegar sölu fasteignanna er lokið. Styrkur vegna orkustyrkja er færður á meðal rekstrarkostnaðar í málaflokki 21 á árinu 2025 í fjárhagsáætluninni.

Lögð var fram tillaga um að álagning fasteignaskatts í Eyja- og Miklaholtshreppi árið 2025 verði óbreytt frá fyrra ári;

0,5% af fasteignamati skv. A-lið 3.gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.

1,32% af fasteignamati skv. B-lið 3.gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.

0,5% af fasteignamati skv. C-lið 3.gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Útvarsprósenta verður óbreytt frá fyrra ári 14,97%.

Sigrbjörg Gunnarsdóttir.
Hlæðis Þórhildardóttir
Veronica S. Sig
Pósthúsið
Sigrbjörg Ottarsdóttir